

REGLUGERÐ

um loftslagsráð.

1. gr. *Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að stuðla að því að loftslagsráð sé starfrækt með skýrum og skilvirkum hætti, í samræmi við 5. gr. b. laga um loftslagsmál, nr. 70/2012.

2. gr. *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til hlutverks, starfa og skipan loftslagsráðs.

3. gr. *Hlutverk loftslagsráðs.*

Loftslagsráð skal veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum. Loftslagsráð skal gæta óhlutdrægni og vera sjálfstætt í störfum sínum. Fulltrúar í loftslagsráði skulu einungis bundnir af eigin dómgreind.

Loftslagsráð setur sér starfsreglur.

4. gr. *Skipan loftslagsráðs.*

Ráðherra skipar formann og varaformann loftslagsráðs.

Á grundvelli tilnefninga frá atvinnulífinu, háskólasamfélaginu, sveitarfélögum og umhverfisverndarsamtökum skal ráðherra skipa fulltrúa til setu í loftslagsráði til fjögurra ára í senn.

Í loftslagsráði skulu eiga sæti að hámarki níu fulltrúar, að meðtöldum formanni og varaformanni. Ráðherra er heimilt að skipa aðra fulltrúa sem nauðsynlegt er talið að eigi sæti í ráðinu.

Við skipan fulltrúa í loftslagsráð skal hafa til hliðsjónar hæfniviðmið skv. 5 gr.

5. gr. *Hæfniviðmið við skipan í loftslagsráð.*

Mælst er til þess að við skipan fulltrúa í loftslagsráð sé þess gætt að ráðið búi að fulltrúum sem hafi þekkingu á a.m.k. einum af eftirtöldum málaflokkum á sviði loftslagsmála:

1. Loftslagsrétti, stjórnsýslu og stefnumótun.
2. Loftslagsvísindum, áhættugreiningum og náttúruvá.
3. Skipulagi og landnýtingu.
4. Hagrænum og samfélagslegum greiningum.
5. Samfélagslegum breytingum og réttlátum umskiptum.
6. Líffræðilegum fjölbreytileika, kolefnishringrás lands og vistkerfisþjónustu.

7. Nýsköpun og tækniþróun.

Mælt er til að loftslagsráð sé þannig samsett að ráðið fullskipað búi yfir þekkingu á öllum ofangreindum sviðum.

6. gr.

Vettvangur hagaðila og loftslagsráðs.

Loftslagsráð skal tryggja samtal hagaðila og ráðsins með reglubundnum hætti.

Skrifstofa loftslagsráðs ber ábyrgð á skilgreiningu og framkvæmd vettvangsins.

Hagaðilum skal veitt tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum um störf ráðsins eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. mgr. 5. gr. b. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, janúar 2024.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.